

Nd.

17. Frumvarp til laga

[17. mál]

um breyting á lögum nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðsetursskipta.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi 1955.)

1. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. 1. málsg. orðist svo:

Hver sá, sem flytur heimilisfang sitt í annað sveitarfélag, skal tilkynna það innan 7 daga sveitarstjórn þess umdæmis, sem hann flytur til.

2. 1. málsliður 3. töluliðs 3. málsg. orðist svo:

Skólafólk við nám utan heimilissveitar, enda sé dvölin í viðkomandi sveitarfélagi eingöngu eða að mestu vegna námsins.

3. Á eftir 4. tölulið 3. málsg. komi nýr töluliður, þannig:

5. Aðkomumenn í þjónustu varnarliðsins, verktaka þess og hliðstæðra aðila, sem láta í té starfsliðsskrár reglulega. Hins vegar eru slíkir starfsmenn við varnarliðsstörf skyldir til að upplýsa vinnuveitanda sinn um heimilisfang sitt og annað það, sem hann þarf á að halda til þess að geta látið í té nákvæmar skrár um starfslið sitt. — Ákvæði þessa töluliðs breytir engu um skyldu venzlaliðs aðkomins starfsmanns við varnarliðsstörf til að tilkynna aðsetursskipti.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Hver sá, sem samkvæmt ákvæðum 3. gr. hefur orðið tilkynningarskyldur í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann telst eiga heimilisfang, skal tilkynna sveitarstjórn dvalarsveitarinnar brottför sína úr henni innan 7 daga. Þó skal ekki tilkynna brottförina, ef dvöl hlutaðeigandi í sveitarfélaginu, sem hann fer til, er undanþegin tilkynningarskyldu samkvæmt 3. málsg. 3. gr. og hann hyggst setjast að í sama húsnæði að dvölinni lokinni.

3. gr.

Á 9. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. 2. málsg. orðist svo:

Hver húsráðandi er skyldur til að tilkynna aðsetursskipti einstaklinga, sem taka sér aðsetur í húsnæði á hans vegum eða hverfa úr því, eftir sömu reglum og þeir sjálfir eru tilkynningarskyldir. Sama skylda hvílir á forstöðumönnum hæla, sjúkrahúsa, skóla, gistihúsa, fangelsa og annarra slíkra stofnana. Enn fremur ber hverjum húseiganda að fullnægja tilkynningarskyldu fyrir einstaklinga í húsnæði hans, þ. e. bæði fyrir fjölskylduföður og heimafolk, en hann er ekki ábyrgur fyrir því, að tilkynningarskyldu sé fullnægt fyrir framleigutaka í húsi hans.

2. Aftan við 3. málsg. komi ný málsg., svo hljóðandi:

Skylda húsráðanda (húseiganda) til að tilkynna aðsetursskipti samkvæmt 2. málsg. þessarar gr. fellur niður, ef hlutaðeigandi sýnir honum, áður en tilkynningarfresti lýkur, kvittun viðkomandi sveitarstjórnar fyrir því, að tilkynningarskyldu hafi verið fullnægt.

4. gr.

Aftan við 12. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Hagstofu Íslands er heimilt að krefjast þess af forstöðumönnum einstakra hæla, sjúkrahúsa, skóla, gistihúsa, fangelsa og annarra slíkra stofnana, að þeir til-

kynni á venjulegan hátt aðsetursskipti allra einstaklinga, sem hverfa úr húsnæði á vegum stofnunarinnar, hvort sem ber að tilkynna þá samkvæmt 9. gr. þessara laga eða ekki. Hagstofu Íslands er enn fremur heimilt að krefjast þess af umræddum aðilum, að þeir afli handa henni upplýsinga um aðsetursskipti starfsmanna stofnunarinnar, sem hafast ekki við í húsnæði á hennar vegum. Þetta tekur þó aðeins til aðsetursskipta í sambandi við það, að starfsmenn hefja störf eða hætta störfum hjá viðkomandi stofnun.

5. gr.

Aftan við 13. gr. laganna komi 4 nýjar málsg., svo hljóðandi:

Sveitarstjórnir skulu gefa út og senda Hagstofu Íslands tilkynningar um aðsetursskipti innansveitar, sem þeim er kunnugt um, að hafi ekki verið tilkynnt. Þær skulu enn fremur gefa út og senda Hagstofu Íslands tilkynningar um einstaklinga, sem talið er að hafi flutt heimilisfang sitt úr sveitarfélaginu, ef ástæða er til að ætla, að það hafi ekki verið tilkynnt sveitarstjórn viðkomandi umdæmis. Þó er sveitarstjórn óheimilt að tilkynna brott úr sveitarfélaginu einstakling, sem dvelst í öðru sveitarfélagi vegna veikinda, ef hann nýtur framfærslustyrks frá heimilisveit sinni eða telja má líklegt, að hann verði styrkþegi hennar.

Sveitarstjórnir skulu, ef Hagstofan telur þess þörf, gera ráðstafanir til öflunar upplýsinga um aðsetursskipti, sem vanrækt hefur verið að tilkynna, sbr. 2. málsg. þessarar greinar.

Aðseturstilkynningar útgefnar af sveitarstjórnnum samkvæmt 2. og 3. málsg. þessarar gr. eru fullgild heimild til staðsetningar manna í allsherjarspjaldskránni, að svo miklu leyti sem öruggari vitneskja samkvæmt tilkynningum hlutaðeiganda sjálfra er ekki fyrir hendi.

Tilkynningum samkvæmt 2. og 3. málsg. þessarar gr. skal hagað í samræmi við nánari fyrirmæli Hagstofu Íslands þar að lútandi.

6. gr.

2. og 3. málsliður 1. málsg. 17. gr. falli niður, og í þess stað komi:

Fara skal með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála, nema kæra falli niður, sbr. 2. málsg. þessarar gr. Sektarfé vegna brota, sem sveitarstjórn kærir til dómara, rennur í viðkomandi sveitarsjóð, en sektarfé vegna brota, sem Hagstofa Íslands kærir, rennur í ríkissjóð.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðsetursskipta.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að nauðsynlegt sé að gera nokkrar breytingar á gildandi lögum um tilkynningar aðsetursskipta, til þess að bæta úr örðugleikum á framkvæmd tilkynningarákvæða. Skrár þær, mið-

aðar við 1. desember ár hvert, sem allsherjarsþjaldskráin lætur sveitarstjórnnum í té, eru grundvöllur álagningar allra opinberra gjalda í landinu, og auk þess eru kjörskrár og ýmsar aðrar skrár á þeim byggðar. Skiptir því meginmáli, að þær séu sem fyllstar og réttastar, en til þess að svo megi verða um skrárnar 1. desember 1955, þarf að lögfesta nefndar breytingar nú þegar, þar sem tíma þarf til að láta gera eyðublöð til samræmis og dreifa þeim um landið, áður en haustflutningar hefjast.

Félagsmálaráðherra telur af þessum ástæðum brýna nauðsyn bera til þess, að umræddar breytingar verði ákveðnar með bráðabirgðalögum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. 1. málsg. orðist svo:

Hver sá, sem flytur heimilisfang sitt í annað sveitarfélag, skal tilkynna það innan 7 daga sveitarstjórn þess umdæmis, sem hann flytur til.

2. 1. málslíður 3. tölulíðs 3. málsg. orðist svo:

Skólafólk við nám utan heimilissveitar, enda sé dvölin í viðkomandi sveitarfélagi eingöngu eða að mestu vegna námsins.

3. Á eftir 4. tölulíð 3. málsg. komi nýr tölulíður, þannig:

5. Aðkomumenn í þjónustu varnarliðsins, verktaka þess og hliðstæðra aðila, sem láta í té starfsliðsskrár reglulega. Hins vegar eru slíkir starfsmenn við varnarliðsstörf skyldir til að upplýsa vinnuveitanda sinn um heimilisfang sitt og annað það, sem hann þarf á að halda til þess að geta látið í té nákvæmar skrár um starfslið sitt. — Ákvæði þessa tölulíðs breytir engu um skyldu venzlaliðs aðkomins starfsmanns við varnarliðsstörf til að tilkynna aðsetursskipti.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Hver sá, sem samkvæmt ákvæðum 3. gr. hefur orðið tilkynningarskyldur í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann telst eiga heimilisfang, skal tilkynna sveitarstjórn dvalarsveitarinnar brottför sína úr henni innan 7 daga. Þó skal ekki tilkynna brottförina, ef dvöl hlutaðeigandi í sveitarfélaginu, sem hann fer til, er undanþegin tilkynningarskyldu samkvæmt 3. málsg. 3. gr. og hann hyggst setjast að í sama húsnæði að dvölinni lokinni.

3. gr.

Á 9. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. 2. málsg. orðist svo:

Hver húsráðandi er skyldur til að tilkynna aðsetursskipti einstaklinga, sem taka sér aðsetur í húsnæði á hans vegum eða hverfa úr því, eftir sömu reglum og þeir sjálfir eru tilkynningarskyldir. Sama skylda hvílir á forstöðumönnum hæla, sjúkrahúsa, skóla, gistihúsa, fangelsa og annarra slíkra stofnana. Enn fremur ber hverjum húseiganda að fullnægja tilkynningarskyldu fyrir einstaklinga í húsnæði hans, þ. e. bæði fyrir fjölskylduföður og heimafólk, en hann er ekki ábyrgur fyrir því, að tilkynningarskyldu sé fullnægt fyrir framleigutaka í húsi hans.

2. Aftan við 3. málsg. komi ný málsg., svo hljóðandi:

Skylda húsráðanda (húseiganda) til að tilkynna aðsetursskipti samkvæmt 2. málsg. þessarar gr. fellur niður, ef hlutaðeigandi sýnir honum, áður en tilkynningarfræsti lýkur, kvittun viðkomandi sveitarstjórnar fyrir því, að tilkynningarskyldu hafi verið fullnægt.

4. gr.

Aftan við 12. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Hagstofu Íslands er heimilt að krefjast þess af forstöðumönnum einstakra hæla, sjúkrahúsa, skóla, gistihúsa, fangelsa og annarra slíkra stofnana, að þeir tilkynni á venjulegan hátt aðsetursskipti allra einstaklinga, sem hverfa úr húsnæði á vegum stofnunarinnar, hvort sem ber að tilkynna þá samkvæmt 9. gr. þessara laga eða ekki. Hagstofu Íslands er enn fremur heimilt að krefjast þess af umræddum aðilum, að þeir afli handa henni upplýsinga um aðsetursskipti starfsmanna stofnunarinnar, sem hafast ekki við í húsnæði á hennar vegum. Þetta tekur þó aðeins til aðsetursskipta í sambandi við það, að starfsmenn hefja störf eða hætta störfum hjá viðkomandi stofnun.

5. gr.

Aftan við 13. gr. laganna komi 4 nýjar málsg., svo hljóðandi:

Sveitarstjórnir skulu gefa út og senda Hagstofu Íslands tilkynningar um aðsetursskipti innansveitar, sem þeim er kunnugt um, að hafi ekki verið tilkynnt. Þær skulu enn fremur gefa út og senda Hagstofu Íslands tilkynningar um einstaklinga, sem talið er að hafi flutt heimilisfang sitt úr sveitarfélaginu, ef ástæða er til að ætla, að það hafi ekki verið tilkynnt sveitarstjórn viðkomandi umdæmis. Þó er sveitarstjórn óheimilt að tilkynna brott úr sveitarfélaginu einstakling, sem dvelst í öðru sveitarfélagi vegna veikinda, ef hann nýtur framfærslustyrks frá heimilisveit sinni eða telja má líklegt, að hann verði styrkþegi hennar.

Sveitarstjórnir skulu, ef Hagstofan telur þess þörf, gera ráðstafanir til öflunar upplýsinga um aðsetursskipti, sem vanrækt hefur verið að tilkynna, sbr. 2. málsg. þessarar greinar.

Aðseturstilkynningar útgefnar af sveitarstjórnnum samkvæmt 2. og 3. málsg. þessarar gr. eru fullgild heimild til staðsetningar manna í allsherjarspjaldskránni, að svo miklu leyti sem öruggari vitneskja samkvæmt tilkynningum hlutaðeiganda sjálfra er ekki fyrir hendi.

Tilkynningum samkvæmt 2. og 3. málsg. þessarar gr. skal hagað í samræmi við nánari fyrirmæli Hagstofu Íslands þar að lútandi.

6. gr.

2. og 3. málsliður 1. málsg. 17. gr. falli niður, og í þess stað komi:

Fara skal með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála, nema kæra falli niður, sbr. 2. málsg. þessarar gr. Sektarfé vegna brota, sem sveitarstjórn kærir til dómara, rennur í viðkomandi sveitarsjóð, en sektarfé vegna brota, sem Hagstofa Íslands kærir, rennur í ríkissjóð.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. ágúst 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.